



**Viðskiptaráð**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2023

**Efni: Umsögn Viðskiptaráðs um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (204. mál, á 154. löggjafarþingi 2023-2024).**

- Um þriðjungur EES-regluverks innleiddur með íþyngjandi hætti
- Samkeppnismat OECD á ferðaþjónustu og byggingaiðnaði sýnt fram á fjölmargar samkeppnishindranir
- Samkeppnishæfni Íslands lakari en Norðurlandanna
- Þörf á átaki í að einfalda og auka skilvirkni regluverks
- Viðskiptaráð styður að tillagan nái fram að ganga

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ofangreinda þingsályktunartillögu. Viðskiptaráð vísar til umsagnar ráðsins við málið á 149. löggjafarþingi en í ljósi þess að tillagan hefur ekki náð fram að ganga þrátt fyrir ítrekaðar framlagningar vill ráðið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Tillagan snýr að því að unnin verði heildstæð úttekt á löggjöf og regluverki hér á landi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði, í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Viðskiptaráð fagnar tillögunni og telur þarft að Alþingi samþykki hana. Þrátt fyrir að stór hluti regluverks íslensks atvinnulífs sé að nafninu til sambærilegur við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar er víða pottur brotinn í laga- og stofnanaumgjörð hér á landi. Evrópskt regluverk er til að mynda oft innleitt með meira íþyngjandi hætti hér á landi en skýrsla unnin fyrir forsætisráðuneytið árið 2016<sup>1</sup> sýndi fram á slíka innleiðingu um þriðjungs ESB-gerða. Ekki er að sjá að hlutir hafi færst til betri vegar líkt og greining Viðskiptaráðs á kostnaði íslenskra fyrirtækja vegna íþyngjandi innleiðingar á sjálfbærni regluverki Evrópusambandsins<sup>2</sup> frá því í sumar sýndi fram á. Þá þekkjast

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/radgjafarnefnd-um-opinberar-eftirlitsreglur%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/radgjafarnefnd-um-opinberar-eftirlitsreglur%20-%20Copy%20(1).pdf)

<sup>2</sup> [https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vidskiptarad/gd7b45c5-2dbe-4d05-9bc3-1082b396dde5\\_Kostna%C3%Boars%C3%B6m+lei%C3%B0+a%C3%B0+g%C3%B6fugu+markmi%C3%Boi+-+Greining+Vi%C3%Boskiptar%C3%A1%C3%B0s+2023.pdf](https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vidskiptarad/gd7b45c5-2dbe-4d05-9bc3-1082b396dde5_Kostna%C3%Boars%C3%B6m+lei%C3%B0+a%C3%B0+g%C3%B6fugu+markmi%C3%Boi+-+Greining+Vi%C3%Boskiptar%C3%A1%C3%B0s+2023.pdf)

séríslenskar reglur víða sem hamla samkeppni, ekki sist í þeim atvinnugreinum sem keppa á alþjóðamarkaði.

Íslensk stjórnvöld hafa áður látið framkvæma sambærilegt mat í samvinnu við OECD á ferðaþjónustu og byggingariðnaði.<sup>3</sup> Niðurstöður samkeppnismatsins sýndu fram á 676 mögulegar samkeppnishindranir í umræddum atvinnugreinum og lagðar voru fram 438 tillögur til úrbóta. Fjöldmörg tækifæri væru til þess að bæta regluverkið, skýra það og draga úr óþarfa reglubyrði með það að markmiði að auka samkeppni. Viðskiptaráð hvetur til þess að farið verði að þessum tillögum sem þegar liggja fyrir en þeirri vinnu er hvergi nærri lokið.

Að mati Viðskiptaráðs hefur lengi verið þörf á átaki í að einfalda og auka skilvirkni regluverks hér á landi og ef eitthvað er hefur sú þörf aukist síðustu ár. Ráðið hefur ítrekað bent á að stofnanakerfi og leikreglur á Íslandi séu ekki í takt við eðli hagkerfisins og vegna smæðar landsins beri það hlutfallslega hærra kostnað. Jafnframt nýtast fjármunir og mannauður verr en best væri á kosið. Þá er regluverk oft ekki sniðið að aðstæðum og íþyngjandi þegar nauðsynlegt væri að móta skilvirkt regluverk til að veða á móti því óhagræði sem fylgir smæðinni.

Markmið um aukna samkeppnishæfni er leið að æðri markmiðum, en samkeppnishæf ríki búa frekar við meiri landsframleiðslu, meiri samfélagslegar framfarir, betri lífskjör og meiri hamingju. Í úttekt IMD á samkeppnishæfni landa<sup>4</sup> er Ísland í 16. sæti og stendur öðrum Norðurlöndum að baki á flestum sviðum. Minni skilvirkni hins opinbera er veigamikill þáttur í verri samkeppnishæfni landsins ásamt neikvæðri þróun regluverks og stofnanaumgjáðar. Í samantekt Viðskiptaráðs á umræddri úttekt má sjá að víða er tækifæri til auka samkeppnishæfni Íslands.<sup>5</sup>


---

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/ThKRG/competition-assessment-reviews-iceland-20201.pdf>

<sup>4</sup> <https://www.imd.org/centers/wcc/world-competitiveness-center/rankings/world-competitiveness-ranking/2023/>

<sup>5</sup> [https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/ac6a460d-2dec-4e04-8984-c7c47ae5393d\\_IMD\\_2023\\_Kynning+-+net.pdf](https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/ac6a460d-2dec-4e04-8984-c7c47ae5393d_IMD_2023_Kynning+-+net.pdf)

## Iceland's competitiveness landscape in 2023



Samkeppnismat á regluverki væri mikilvægur liður í því auka samkeppnishæfni, almenningi og atvinnulífi til hagsbóta. Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að hefja úttekt á regluverki sem allra fyrst með það að leiðarljósi að einfalda regluverkið eins og kostur er.

Þá áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

María Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands